

**PRÓF Í VERÐBRÉFAVIÐSKIPTUM
III.-HLUTI**

**Ráðgjöf (50%)
Kennari: Loftur Ólafsson**

Fimmtudagurinn 26. apríl 2007 16:00 - 20:00

Prófið er 11 blaðsíður

Öll námsgögn leyfileg. Ekki er þó leyfilegt að vera með farsíma og tölvu. Eingöngu er leyfilegt að nota venjulega reiknivél eða einfalda fjármála reiknivél sem hægt er að nállstilla

Vinsamlegast gætið þess að merkja prófblöðin og hverja próförk með prófnúmeri, munið að slökkva á farsínum og vinsamlegast hafið persónuskilríki á borðum.

Prófnúmer _____

Gangi ykkur vel!!

1. hluti. Krossaspurningar (vægi 32,5%)

Svaraðu eftirfarandi krossaspurningum. Merktu við það svar sem þú telur RÉTTAST. Aðeins skal merkja við einn lið í hverri spurningu. Allar spurningar veqa jafnt (1,25%). Ekki er dregið niður fyrir röng svör.

Svörum við krossaspurningum skal skilað á sérstöku svarblaði

Spurning 1.

Tvíburabræðurnir Skapti og Skafti eru að ræða fjárfestingar sína og bera þær saman. Báðir eru drjúgir með sig. Skapti fjárfesti í hlutabréfum í Volkswagen fyrir nokkrum árum en Skafti í hlutabréfum í Porsche. Skapti gortar af því að hafa tvöfaldað höfuðstólinn á 6 árum en risið er nokkru lægra á Skafta sem segist hafa tvöfaldað höfuðstólinn á 9 árum. Árleg ávöxtun hlutabréfanna hefur verið um:

- A) 9% á bréfum Volkswagen en 6% á bréfum Porsche
- B) 10,5% á bréfum Volkswagen en 8,5% á bréfum Porsche
- C) 11,25% á bréfum Volkswagen en 9,25% á bréfum Porsche
- D) 10% á bréfum Volkswagen en 8% á bréfum Porsche
- E) 12% á bréfum Volkswagen en 8% á bréfum Porsche

Spurning 2.

Þróunin á hlutabréfamörkuðum um allan heim hefur verið hagstæð undanfarin 5 ár og fjárfestar náð að ávaxta vel sitt pund. Hækkanir hafa víða verið miklar og verðbólga lág á sama tíma. Í sögulegu samhengi má segja að þetta tímabil sé dæmigert fyrir það hversu langan tíma hlutabréfafjárfestar þurfa almennt að bíða til þess að fjármunir þeirra vaxi að raungildi:

- A) Rétt
- B) Rangt

Spurning 3.

Í fyrsta kafla bókarinnar "Security Analysis" eftir Benjamin Graham og David Dodd stendur "...fjárfesting er í eðli sínu ekki nákvæm vísindi" (investment is by nature not an exact science). Boðskapur höfundanna var að:

- A) Ómögulegt væri að leggja mat á virði fyrirtækja með útreikningum
- B) Hyggilegt væri að hafa vaðið fyrir neðan sig við fjárfestingar í ljósi þessi að margir þættir sem mat væri lagt á við útreikning á virði fyrirtækja gætu þróast ódrúvisi en ætlað væri
- C) Betri árangur næðist í fjárfestingum með því að reyna að fylgja fjöldanum eftir á hverjum tíma
- D) Horfa þyrfti til skamms tíma í fjárfestingum þar sem alltaf væru miklar breytingar í atvinnulífi
- E) Til lengri tíma litið myndu nýjar aðferðir við mat á fjárfestingum gera eldri aðferðir úreltar og óþarfar

Spurning 4.

Bandaríska fjárfestingarfélagið Fortress Investment Group var skráð í kauphöllina í New York (NYSE) fyrir nokkrum vikum. Fyrirtækið rekur m.a. vogunarsjóði (hedge funds) og einkafjármagnssjóði (Private Equity) og hafa eignir vaxið mikið á undanförunum árum og horfur um vöxt eigna þykja góðar. Þegar eru farnar að heyrast raddir um að fyrirtækið gæti komið inn í S&P 500 vísitöluna sem þýðir t.d. að hinir umfangsmiklu vísitölusjóðir þurfa að kaupa hluti í fyrirtækinu með meðfylgjandi eftirspurnarþunga. Miðað við framangreint er fullýrt að þeir fjárfestar sem fyrst og fremst hafa áhuga á félaginu séu:

- A) Stuðmenn (momentum investors)
- B) Virðisfjárfestar (value investors)
- C) Vaxtarfjárfestar (growth investors)
- D) Mótstraumsfjárfestar (momentum investors)
- E) A og C er rétt

Spurning 5.

Þeirri gagnrýni hefur verið beint að stuðmannastílnum í fjárfestingum (momentum investing) að hann leiði til þess að fjárfestar kaupi og selji á röngum tíma (þvert á markmið þeirra fjárfesta sem beita aðferðinni):

- A) Rétt
- B) Rangt

Spurning 6.

Hér ræðir um dæmigerðan mótstraumsfjárfesti. Hvaða fjárfestingarkost af eftirfarandi er líklegast að hann velji, eða velji fyrst, miðað við lýsingu ?:

- A) Hlutabréf í Ford Motor sem hafa lækkað mikið á undanförunum árum en rekstur fyrirtækisins hefur gengið afar erfiðlega undanförunum ár og ekki er fyrir séð að marktæk breyting verði þar til batnaðar á næstu árum. Fjárhagsstaða fyrirtækis er jafnframt orðin þröng.
- B) Hlutabréf í General Electric en bréfin hafa lækkað um 5% á þessu ári. Gengi bréfanna hefur aðeins verið í slappari kantinum að undanförunu ef miðað er við markaðinn en verðlagning bréfanna endurspeglar þó þokkalega framtíðarhorfur rekstrarins.
- C) Hlutabréf í Actavis sem hafa hækkað verulega að undanförunu
- D) Hlutabréf í Vestas Vind Systems sem er leiðandi fyrirtæki í heiminum í framleiðslu á vindmyllum. Mikill áhugi hefur verið á hlutabréfum fyrirtækisins að undanförunu af hálfu fjárfesta og greiningaraðilar margir hverjir bjartýnir enda hefur verið bréfanna farið hækkandi.
- E) Hlutabréf í bandaríska byggingarfyrirtækinu DR Horton en gengi bréfanna hefur lækkað mikið á undanförunum mánuðum enda byggingariðnaðurinn í Bandaríkjunum með böggum hildar um þessar mundir. Útlitið til skamms tíma er ekki bjart þó að menn þykist vita að greinin rétti á endanum úr kútnum og þá birti til hjá rótgrónum fyrirtækjum eins og DR Horton. Lækkunin hefur verið svo skörp að markaðsverðmæti fyrirtækisins er nálægt bókfærðu eigin fé.

Spurning 7.

Reynslugögn af hlutabréfamörkuðum sýna að þegar horft er yfir langt tímabil skiptir töluvert miklu máli varðandi þá ávöxtun sem fjárfestir nær ef hann missir af nokkrum af bestu dögnum, þ.e. dögum þar sem markaðurinn hækkar:

- A) Rétt
- B) Rangt

Spurning 8.

Fylgismenn hinnar svokölluðu hlutlausu leiðar (indexing investing) myndu ráðleggja almennum fjárfestum að fjárfesta í vísitölusjóðum og gætu í því sambandi bent á reynslugögn sem sýna að slíkir sjóðir skila yfirleitt betri árangri en aðrir (virkir) sjóðir þegar lengri tímabil eru skoðuð. Skýringa þessa væri að leita í því að:

- A) Kostnaður vísitölusjóða er að jafnaði lægri en annarra sjóða
- B) Sjóðsstjórar virka sjóða beita ekki virðisaðferð við mat á fjárfestingum
- C) Sjóðsstjórar virkra sjóða telja markaðinn vera óskilvirkari en sjóðsstjórar vísitölusjóða
- D) Sjóðsstjórar/fjárfestar eigi í höggi hvern við annan og því er ekkert til skiptanna fyrir hópinn sem heild
- E) A og D er rétt

Spurning 9.

Hjónin Adam og Eva ræða fjárfestingar. Adam telur að seðlabankinn fari að lækka vexti og örva þannig efnahagslífið, og fáir hafi séð hversu gott kaupþækifæri sé í hlutabréfum fyrirtækja sem eru mjög háð hagsveiflunni (cyclical stocks). Þau þurfi að nýta sér þetta sem fyrst og kaupa riflega áður en aðrir komi auga á þetta tækifæri og verðið taki að hækka. Sjónarmið Evu er aftur á móti að þetta geti nú verið nokkurri óvissu háð og þau eigi að halda sínu striki eins og undanfarin ár og ekki vera að gera upp á milli atvinnugreina/fyrirtækja né ráðstafa miklu meiri fjármunum en venjulega. Þessi áherslumunur hjónanna má segja að lýsi því að:

- A) Eva hefur meiri trú á því en Adam að rétt tímasetning skipti máli við fjárfestingar í hlutabréfum
- B) Eva horfir meira á virði fyrirtæki heldur en gengis/verðs á markaði, en þessu er öfugt farið hjá Adam
- C) Eva telur markaði vera skilvirkari en Adam og að hann er í aðra röndina stuðmaður (momentum investor)
- D) Eva telur að vaxtalækkanir muni ekki örva efnahagslífið og gengi þeirra fyrirtækja sem Adam ræðir um geti vart hækkað
- E) Ekkert af ofangreindu er rétt

Spurning 10.

Þegar rætt er um svokallaða virðisgildru (value trap) er almennt verið að vísa til:

- A) Þeirrar áhættu sem fylgir fjárfestingum í hlutabréfum fyrirtækja í atvinnugreinum sem eru í hægum vexti
- B) Neikvæðrar þróunar sem fjárfestir vanmetur eða sér ekki fyrir m.t.t. væntra tekjustrauma eða getu eignar til að að skapa greiðslustreymi til hluthafa.
- C) Þeirrar gildru sem fjárfestar sem stunda skortsölu (short selling) lenda í þegar neikvæðar fréttir hafa miklu minni áhrif til lækkunar verðs en þeir ætluðu.
- D) Þegar mjög langan tíma tekur fyrir markaðsverð að færast í átt að útreiknuðu virði
- E) Þegar stuðmaður ætlar að nýta sér hækkunarferli til að ná í skjótfenginn ágóða, en kemur of seint inn á markaðinn og lendir í lækkun (og tapi) sem iðulega er kölluð "leiðrétting"

Spurning 11.

Guðmundur Bergþórsson er 35 ára gamall mannfræðingur sem lýsa má sem dæmigerðum fjárfesti og launamanni. Miðað við æviskeiðaskiptinguna (og að öðru óþekktu) hvaða eignasamsetning væri líklega skynsamlegust fyrir hann ?:

- A) Laust fé/skammtímainnlán 20%, skuldabréf 35%, hlutabréf 35%, hrávörur 10%
- B) Hlutabréf 50%, skuldabréf 25% og áhættufjármagnssjóðir 25% (venture capital)
- C) Skuldabréf 39%, hlutabréf 60%, laust fé/skammtímainnlán 1%
- D) Laust fé/skammtímainnlán 6%, skuldabréf 30%, hlutabréf 60%, áhættufjármagnssjóðir/hrávorusjóðir/einkafjármagnssjóðir (private equity) 4%
- E) Skuldabréf 48%, hlutabréf 37%, laust fé/skammtímainnlán 15%

Spurning 12.

Hér ræðir um "meðalkrónu-kostnaðaraðferðina" (dollar cost averaging). Lifeyrissjóður í vexti þarf að fjárfesta reglulega og horfir í því sambandi til mjög langs tíma. Jafnframt heldur hann þeim verðbréfum sem hann kaupir (buy and hold). Hvaða verðþróun ætti, að öðru óbreyttu, að vera æskilegust fyrir sjóðinn, þegar horft er til allra nánustu framtíðar ?:

- A) Tímabil sem einkennast fyrst og fremst af verðlækkunum
- B) Tímabil þar sem verð lækkar aðeins framan af en hækkar svo þannig að sjóðurinn geti innleyst hagnað
- C) Tímabil þar sem verð breytist lítið
- D) Tímabil þar sem verð hækkar og ávöxtun er þannig háværkuð
- E) Tímabil frekar lækkandi verðs en með verðhækkunum á milli til að tryggja viðunandi ávöxtun

Spurning 13.

Við hvaða aðstæður er líklegt að hlutabréf í tilteknu fyrirtæki fari að vekja áhuga hjá stuðmanni (momentum investor) ?:

- A) Greiningaraðili gefur út skýrslu þar sem hann bendir á að skv. grunngreiningu (fundamental analysis) sé verð hlutabréfa í lægri kantinum miðað við virði fyrirtækisins
- B) Það stýttist í ársfjórðungslega og dæmigerða arðgreiðslu rötgróins fyrirtækis (ex-dividend date)
- C) Arðgreiðsluhlutfall (dividend yield) viðkomandi fyrirtækis er orðið frekar lágt
- D) Skortsöluhlutfall (short interest ratio) hefur aðeins hækkað á undanförunum mánuðum, þó að það sé enn í takt við hlutfallið hjá sambærilegum fyrirtækjum
- E) Verð fyrirtækisins sem er lyfjafyrirtæki hefur hækkað nokkuð á tiltölulega stuttum tíma eins og annarra fyrirtækja í greininni enda vel árað. Blikur eru nú á lofti en opinberir aðilar sem eru langstærstu viðskiptavinirnir hafa sett nýjar reglur sem munu lækka kostnað vegna lyfjakaupa umtalsvert.

Spurning 14.

Fjárfesting með hlutlausu leiðinni (index investing) er áhættulaus, m.a. vegna þess að hún felur ekki í sér þá áhættu að sjóðsstjóri/sjóðsstjórar skili síðri árangri en markaðurinn:

- A) Rétt
- B) Rangt

Spurning 15.

Þegar stjórnendur fyrirtækja kaupa hlutabréf í eigin fyrirtæki er oft litið svo á að það sé einskonar staðfesting á því að góð kaup felist í bréfunum eða feli í sér skilaboð þar að lútandi. Áhugi fjárfesta ætti því að aukast eða gæti aukist, að öðru óbreyttu. Hvaða tegund fjárfesta er líkleg til að vilja nýta sér þessa ályktun ?:

- A) Virðisfjárfestar
- B) Mótstraumsfjárfestar
- C) Stuðmenn
- D) Vaxtarfjárfestar
- E) Visitölufjárfestar

Spurning 16.

Almennt má segja að vaxtarfjárfestar leggi _____ áherslu á hvar atvinnugrein er stödd á æviskeiði (life cycle) sínu en virðisfjárfestar, notfæri sér _____ en stuðmenn hina svokölluðu talningavél (voting machine), og hafi _____ afstöðu en/og hlutlausir fjárfestar til hlutabréfatíslu (stock picking).

- A) meiri ; minna ; svipaða
- B) meiri ; meira ; ólíka
- C) meiri ; minna, ólíka
- D) minni ; meira ; svipaða
- C) minni ; minna ; ólíka

Spurning 17.

Fjárfestar sem hafa átt hlutabréf/hlutabréfasjóði á nýmörkuðum (s.s. Indland, Brasilía, Rússland) hafa fengið háa ávöxtun á undanförunum árum. Almennt má segja að þennan árangur megi fyrst og fremst rekja til þessa að:

- A) Þeim hefur tekist að forðast hinar skörpu niðursveiflur sem verða af og til á mörkuðum af þessu tagi
- B) Þeim hefur tekist að veðja á réttu fyrirtækin, sem gjarnan hafa verið tengd hrávörugeiranum sem hefur verið í mikilli uppsveiflu á undanförunum árum
- C) Markaðirnir eru frekar óskilvirkir og sjóðsstjórar hafa getað nýtt sér þau tækifæri
- D) Þeirrar ákvörðunar að hafa verið inni á markaðinum/mörkuðunum á tímabilinu, í blíðu og stríðu
- E) A og B er rétt

Spurning 18.

Mótstraumsfjárfestar reiða oft fram reynslugögn sem sýna að, að jafnaði hafi náðst bestur árangur með því að fjárfesta í fyrirtækjum með lágt V/H hlutfall, lágt V/I hlutfall og hátt arðgreiðsluhlutfall (dividend yield). Ein meginskýring þessa er að:

- A) Fyrirtækin borga allan hagnað sinn út í arð sem fjárfestar endurfjárfesta
- B) Um ræðir fyrirtæki sem auka hagnað sinn óháð hagsveiflunni
- C) Ávöxtunarkrafa sem gerð er til fyrirtækjanna er lægri en almennt gerist
- D) Verð á markaði endurspeglar ekki nægilega vel bókfært virði eigna
- E) Ekkert af ofangreindu er rétt

Spurning 19.

Hér ræðir um hlutabréfapýramídanum; virkir hlutabréfasjóðir eru _____ í pýramídanum en/og einkafjármagnssjóðir, hlutabréfasjóðir með evrópskum hlutabréfum eru _____ í pýramídanum en/og stök sænsk hlutabréf, hlutabréf eru yfirleitt _____ í pýramídanum en skuldabréf og aðferðir sem byggja á tímasetningu kaupa og sölu eru _____ í pýramídanum:

- A) ofar; á sama stað; ofar; á öllum þrepum
- B) neðar; neðar; ofar ; í neðsta þrepi
- C) neðar; ofar; neðar ; á miðþrepi
- D) neðar ; neðar ; ofar; ekki í neðsta þrepi
- E) á sama stað; á sama stað; ofar; í efsta þrepi

Spurning 20.

Sumir fjárfestar nota skortsöluhlutfall (short interest ratio) sem einkiskonar hjálpartæki til að meta mögulegar breytingar í eftirspurn eða áhrif á eftirspurn. Í því samhengi getur hátt skortsöluhlutfall bent til þess að:

- A) Viðkomandi fyrirtæki hafi keypt bréf á markaði (stock buyback)
- B) Dagleg viðskiptamagn með bréf fyrirtækisins sé undir meðaltali í greininni
- C) Sífellt færri fjárfestar hafi áhuga á að selja bréf fyrirtækisins
- D) Verð á markaði sé orðið lægra en núvirt sjóðsstreymi fyrirtækisins
- E) Byggst hafi upp viðbótareftirspurn, ef svo má kalla

Spurning 21.

Hlutlaus leiðin (index investing) byggir alltaf á að fjárfestar eignast (t.d. með óbeinum hætti í gegnum vísitölusjóð) fyrirtæki í hlutfalli við markaðsverðmæti þeirra (sem er yfirleitt flotleiðrétt). Danskir fjárfestar eignast t.d. mest í Danske Bank, Novo Nordisk og A.P Möller þar sem þau fyrirtæki vega mest í dönsku hlutabréfavísitölunni:

- A) Rétt
- B) Rangt

Spurning 22.

Nafntogaður fjárfestir hefur sagt að þrjú mikilvægustu orðin í fjárfestingum séu “borð fyrir báru” (margin of safety). Þeir sem aðhyllast þetta sjónarmið:

- A) Kaupa almennt ekki hlutabréf í fyrirtækjum sem eru í mikilli samkeppni
- B) Telja að einungis eigi að takast á hendur fjárfestingar á mjög hagstæðu verði
- C) Einbeita sér fyrst og fremst að fyrirtækjum sem eru stór og traust og eru í stakk búin til að takast á við sveiflur
- D) Telja að bestu fyrirtækin séu í hlutabréfum sem skráð eru á litlum og óskilvirkum mörkuðum
- E) Leggja áherslu á fjárfestingar í fyrirtækjum með mjög öruggt greiðslustreymi

Spurning 23.

Íslenskur lífeyrisjóður endurstillir (rebalance) verðbréfasafn sitt einu sinni á ári og hefur tileinkað sér það verklag að gera það í maímánuði. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hefur nýlega sent frá sér skýrslu um horfur í alþjóðlegum efnahagsmálum. Þar kemur fram að horfur séu almennt mjög góðar þó að verulega muni draga úr hagvexti í Bandaríkjunum á þessu ári. Sjóðsstjórateymi sjóðsins metur horfur bestar á hlutabréfamörkuðum í Asíu, svo Evrópu og S-Ameríku og lakastar eru horfurnar í USA. Endurstillingin (rebalancing) þetta árið fer því þannig fram:

- A) Hætt er við að minnka vægið í Asíu og Evrópu eins og til stóð og vera áfram með nokkuð umfram vægi þar. USA minnkað örlítið og vægi S-Ameríka er aukið.
- B) Vægi USA er minnkað umfram stefnu þar sem horfur um vöxt hagnaðar eru ekki góðar og auk hefur tímabilið maí-sept. reynst slakt flest ár
- C) Skýrsla IMF og skoðanir teymisins hefur engin áhrif á endurstillinguna
- D) Þar sem hlutabréfamarkaðir ná yfirleitt botni áður en mesta lægðin í efnahagslífinu gengur yfir þá er óbreytt stefna varðandi bandarísk hlutabréf en vægi hlutabréfa í Asíu aukið á kostnað S-Ameríku en þeir markaðir eru dýrari á kvarða V/H
- E) Vægi þeirra markaða þar sem stefnir í vaxtahækkun er minnkað en aukið á þeim mörkuðum þar sem vænta má vaxtalækkana

Spurning 24.

Langtímagögn frá Bandaríkjunum virðast benda til þess að meðalfjárfestirinn hafi ekki riðið mjög feitum hesti frá hlutabréfafjárfestingum og árangur hans verið miklu lakari en t.d. S&P 500 hlutabréfavitölunnar. Í þessu sambandi á stóran hlut að máli að:

- A) Eignasamsetning margra verðbréfasjóða hefur ekki endurspeglad vel markaðinn í heild sinni eða viðkomandi viðmiðunarvísitölu, eins og t.d. S&P 500
- B) Meðalfjárfestirinn hefur oft fallið í þá gryfju að kaupa eftir hækkunir og selja eftir lækkunir
- C) Meðalfjárfestirinn hefur hneigst til að fjárfesta of mikið í því sem "heitast" hefur verið á hverjum tíma eða mikillar athygli/hylli hefur notið
- D) Meðalfjárfestirinn hefur ekki gætt að því að endurfjárfesta arðgreiðslur sem skipta miklu máli varðandi árangur þegar til lengdar lætur
- E) B og C er rétt

Spurning 25.

Hvað af eftirtöldu er ekki rétt ?:

- A) Mótstraumsaðferðin er afbrigði af virðisaðferðinni ?
- B) Skuldabréfaflokkar sem ekki eru nýjir af nálinni eru kallaðir on-the-run, m.a. vegna þess að fjárfestar vilja losa sig hratt og örugglega við þá
- C) Ef fjárfestar trúa "afturhvarfi til meðaltalsins" (reversion to the mean) þá telja þeir að ef ávöxtun vikur á einhverju tímabili verulega frá þeirri ávöxtun sem búast má við að meðaltali yfir lengra tímabil (sé t.d. verulega lægri) geti þeir átt von á því á einhverju tímabili að ávöxtun víki verulega frá sömu ávöxtun, einungis með öfugum formerkjum (verði t.d. verulega hærri)
- D) Verðmat svokallaðra vaxtarfyrirtækja á margt skylt með verðmati á svokölluðum virðisfyrirtækjum
- F) Jafnvel þó að gert sé ráð fyrir að hlutabréfamarkaðir séu frekar óskilvirkir en skilvirkir þá breytir það ekki því að markaðsávöxtunin er sú ávöxtun sem er í besta falli til skiptanna fyrir fjárfesta sem heild

Spurning 26.

Gunnari á Hlíðarenda þykir hlíðarnar fagrar í Sviss og hefur fjárfest á svissneska hlutabréfamarkaðinum á þessu ári. Vinnumenn hans þeir Markús og Eyjólfur hafa notað þá örfáu skilinga sem Gunnar borgar þeim til að fjárfesta á Ítalíu en þeir eru með plaköt af frægum ítölskum leikkonum og fótoltamönnum uppi á vegg í herberginu sínu. Fjárfest hefur verið á sama tíma, sömu fjárhæð þrisvar sinnum. Forsendur er þessar :

Svissneska hlutabréfavisitalan SMI

Gildi 1. feb.: 9217

Gildi 1. mars: 8782

Gildi 1. apríl: 8956

Gildi 23. apríl : 9440

Ítalska hlutabréfavisitalan S&P/MIB

Gildi 1. feb.: 42461

Gildi 1. mars : 40686

Gildi 1. apríl : 41990

Gildi 23. apríl : 43497

Þegar einungis er horft til frammistöðu safnanna hver hefur haft betur á tímabilinu þegar staðan er metin 23. apríl ?:

- A) Gunnar
- B) Markús og Eiríkur

2. hluti. Verkefni (vægi 17,5%)

Leystu eftirfarandi verkefni. Vinsamlega leggðu áherslu á að að efnisatriðin í svörum þínum komi fram með skýrum og gagnorðum hætti.

Fjallaðu um þá þætti sem hafa áhrif á áhættuþol einstaklinga og viðhorf til áhættu, og hvernig þeir hafa almennt áhrif á eignasamsetningu, þ.m.t. ráðgjöf um einstaka verðbréfaflokka/verðbréf.